

Anton Kári Halldórsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 25. mars 2015
UST201503-105/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Húsadal í Þórsmörk, Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Þórsmörk, Rangárþingi eystra.

Skipulagssvæðið – náttúruminjasvæði

Tillaga að deiliskipulagi tekur til um 30 ha svæðis sem nær yfir Húsadal í Þórsmörk auk göngubrúar yfir Markarfljót og aðkomu að henni. *Þórsmörk er svæði nr. 714 á náttúruminjaskrá og þar segir um svæðið: Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.*

Áætlaðar lóðir og byggingar

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 9 misstórum lóðum með byggingarreitum. Á þrem þessara lóða er áætluð plássfrek starfsemi s.s. tjaldstæði, afþreyingarsvæði eða aðstaða fyrir hestaferðir.

Upprunalegur birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að á lóðum H-2, H-4, H-5, H-7, H-8 og H-9 eru byggingarreitir áætlaðir þannig að hluti reitsins nær inn á svæði með upprunalegum birkiskóg. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að birkiskógi í Þórsmörk verði hlíft við eins og frekast er kostur. Á lóð H-3 eru 4 eldri smáhýsi sem ná inn á birkiskógasvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að raska ekki skógarsvæði frekar við framkvæmdir. Eins og fram kemur að ofan er ein af ástæðunum fyrir því að Þórsmörk er á náttúruminjaskrá, skóglendi í skjóli jökla. Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógur

eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020, í riti um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, sem gefið er út af umhverfisráðuneyti (Velferð til framtíðar: Stefnumörkun til 2020.) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim. Eitt þessara markmiða (bls. 37) er að: *“Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands”*. Ennfremur segir (bls. 38) *“Markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga verði hafnar á næstu árum. Mótud verði stefna um endurheimt upprunalegra vistkerfa, s.s. birkiskóga, sem verði hluti af almennri stefnu um endurheimt landgæða þar sem tekið verður á aðferðafræði, tegundavali og öðrum atriðum. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði”*

Í skýrslu frá umhverfisráðuneytinu frá mars 2007, sem ber heitið *“Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga”* kemur fram að *“hinn 15. júní 2006 skipaði umhverfisráðherra nefnd sem var falið*

-Að kortleggja ógnir sem stöðja að íslenskum birkiskógum

-Að móta tillögur um hvernig megi efla vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi

-Að gera tillögur að leiðbeiningum vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga.”

Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að nefndin leggur áherslu á að *“Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur á Náttúruverndaráætlun 2004-2008”*. Einnig kemur fram að nefndin leggur til að *“Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins”* og að *“Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.”*

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins kemur enn fremur fram að meðal helstu ógna sem stöðja að íslenskum birkiskógum sé að *“birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar”*.

Í niðurlagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir *“Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.”* Lögð er áhersla á að *“Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna.”*

Ljóst er því að stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af þróun birkiskóga hér á landi, og að lögð er mikil áhersla á verndun þeirra og endurheimt. Með framangreindri stefnumörkun hafa stjórnvöld markað stefnu um verndun birkiskóga, samanber 39. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Með tilliti til þess telur Umhverfisstofnun að skipuleggja eigi framkvæmdir utan náttúrulegra birkiskóga og kjarri

vaxinna svæða, en ekki innan þeirra. Mótvaðgisaðgerðir eða uppgræðsla í stað þeirra vistkerfa sem raskast, bæta ekki að fullu fyrir þann skaða sem verður vegna eyðingar upprunalegra skóga og því telur Umhverfisstofnun að leggja beri áherslu á verndun vistkerfa sem hafa verndargildi þ.m.t. birkiskóga.

Það er mat Umhverfisstofnunar að með framkvæmdum á skógasvæði í Þórsmörk sé hætt á því að náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins rýrni og því eigi síður að framkvæma innan birkiskógarins eða ryðja birkikjarr. Þar sem lóðir eru markaðar stórar miðað við áætlað byggingarmagn telur stofnunin mögulegt að minnka byggingarreiti þannig að þeir fari ekki inn á birkivaxin svæði og þar með að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda.

Byggingarreitir í Húsadal

Umhverfisstofnun bendir á að byggingarreitir eru óvenju stór hluti af áætluðum lóðum. Sem dæmi er lóð H-4, 1,17 ha að stærð. Samkvæmt skilmálum tillögunnar er hámarks byggingarmagn á lóð 800 m², og telur stofnunin byggingarreit ekki vera í samræmi við það magn. Að mati Umhverfisstofnunar næst t.d. betri stýring á framkvæmdum á lóðinni með því að setja hæfilegan byggingarreit umhverfis Dalsel og Aurasel og bæta við hæfilegum byggingarreit fyrir 800 m² byggingu.

Ferðamenn í Þórsmörk

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vakta áhrif aukinna ferða gesta, á gróður í Þórsmörk og jafnvel að koma á ítölu, þ.e. finna hve mörgum gestum er óhætt að hleypa í gegn án þess að áhrif á umhverfi og gróður verði neikvæð, þannig verði þess gætt að ferðir ferðamanna um Þórsmörk verði sjálfbærar.

Reiðleiðir

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgjast með áhrifum hestaferða á gróður í Þórsmörk og ef ástæða þykir til jafnvel að koma á ítölu, þ.e. finna út hve mörgum hestum er óhætt að hleypa í gegn án þess að áhrif á umhverfi og gróður verði neikvæð. Á þann hátt verði þess gætt að hestaferðir um Þórsmörk verði sjálfbærar.

Göngubrú


Á tillögu að deiliskipulagi fyrir Húsadal er sýnd göngubrú yfir Markarfljót. Umhverfisstofnun er kunnugt um að fram hefur farið hönnunarsamkeppni um útlit og gerð brúarinnar. Tillaga að áætlaðri brú hefur ekki komið til umsagnar hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun undanskilur umsögn um áætlaða brú í umsögn um tillögu að deiliskipulagi í Húsadal, og beinir þeim tilmælum til viðkomandi að brúin komi til umsagnar hjá stofnuninni þegar lokahönnun er lengra á veg komin. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að leitast verði við að lágmarka sjónræn áhrif brúarinnar og að hún falli sem best að umhverfinu.


Framkvæmdir og þol Þórsmörkur

Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagsáætlun er ekki fjallað um hver áætlaður fjöldi gesta inn í Þórsmörk er með tilkomu brúarinnar. Skv. rannsóknnum ráðgjafafyrirtækisins Rannsóknir og ráðgjöf er áætlað að samtals hafi allt að 140.000 gestir, erlendir og innlendir heimsótt Þórsmörk á árinu 2014. Umhverfisstofnun bendir á að Þórsmörk er viðkvæmt svæði og aðkoma um jökulár hefur haldið gestafjölda innan vissra marka.

Að mati Umhverfisstofnunar væri við hæfi að setja fram stefnu um umgengni og ferðaþjónustu í náttúruperlunni Þórsmörk. Að mati Umhverfisstofnunar ættu veitingastaðir fremur að byggjast upp utan Þórsmerkur þ.e. vestan við áætlaða göngubrú, það myndi minnka sorpmagn og frárennsli í Þórsmörk og minnka ágang. Skv. ofangreindum ábendingum telur stofnunin að fram ættu að koma í deiliskipulagstillögu áætlanir um fjölda væntanlegra gesta, og einnig mat á því hve mikinn fjölda gesta Þórsmörkin þolir án þess að hin einstaka náttúra Þórsmerkur og verndargildi hennar rýrni.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Abalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri